

MATARHLÉ



Síðast skoraði Helga Guðnadóttir hjá heimahjúkraun HAK á Svanhildi Sigtryggisdóttur í Brekkuskóla að birta uppskrift í þessu tölublaði. Svanhildur hugar að kornmetinu og gefur okkur uppskrift að góðu heilhvaitibrauði um leið og hún skorar á Sigrúnu Ellu Meldal, leikskólakennara á Pálmholti, að taka við kyndlinum og koma með uppskrift í næsta blað.

HEILHVEITIBRAUÐ

HRÁEFNI:
500 gr. hveiti
500 gr. heilhvaiti
1 msk. sykur
1-2 tsk. kúmen
8 tsk. lyftiduft
1 tsk. natron
1-2 tsk. salt
5 dl. mjólk
5 dl. súrmjólk

AÐFERÐ:
Þurrefnum blandað saman og mjólkinni hrært saman við. Sett í tvö meðalstór form og bakað við 170 gráður í u.þ.b. 1 klukkustund.



Ritstjórn starfsmannafrétta
óskar lesendum öllum, nær og fjær,
gleðilegra jóla, árs og friðar.

GOTT AÐ VITA

Eingreiðsla 1. febrúar samkvæmt kjarasamningum SNS

Starfsmenn sem eru við störf þann 1. febrúar 2012 fá greidda sérstaka eingreiðslu, kr. 25.000, miðað við fullt starf. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall 1. febrúar 2012. Samkvæmt kjarasamningum tekur ný launatafla gildi þann 1. mars 2012.

LJÓSMYNDASAMKEPPNIN



Nokkrir sendu inn myndir í ljósmyndasamkeppnina okkar og hefur dómnefnd valið mynd úr Hrísey eftir Þorstein Þorsteinsson sem þá bestu. Þorsteinn fær að launum tvo miða á Gulleyjuna sem Leikfélag Akureyrar sýnir og verður haft samband við hann fljótlega vegna þessa.



Útgefandi: Akureyrarbær
Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson
Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Dórothea Jónsdóttir,
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson
Netfang: kronikan@akureyri.is
Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

1. tbl. 7. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR jan. 2012



HVAÐ BOÐAR NÝÁRS BLESSUÐ SÓL?

Svo spyr Matthías Jochumsson í nýársálmi sínum og svarið er aldrei einfalt: Enginn veit hvað næsta ár ber raunverulega í skauti sér. Það eina sem við getum gert er að búa vel í haginn fyrir framtíðina og síðan uppskerum við vonandi eins og við sáum.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur eftir mætti varið störfina hjá sveitarfélaginu og staðið í vegi fyrir fækkun starfa á vegum einkaaðila og ríkisvalds þótt ekki hafi það alltaf gengið sem skyldi. Stórir vinnustaðir á vegum einkaaðila hafa þurft að draga saman seglin og ríkisvaldið hefur gengið hart fram í niðurskurði m.a. til heilbrigðis- og öldrunarmála og þeim niðurskurði hefur bæjarfélagið þurft að mæta með auknum fjárframlögum.

Á árinu hefur verið unnið ötullega að undirbúningi nýrra verkefna sem ætlað er að efla atvinnulífið í bænum og ættu að komast á fullan skrið á nýju ári. Ýmis ljón eru þó enn í veginum og nú er til dæmis brýnt að eyða óvissu varðandi verkefni sem legið hafa á borði ríkisstjórnar Íslands, svo sem framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng og ákvörðun um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Hvað boðar nýárs blessuð sól? Ég trúi því einlæglega að hún boði áframhaldandi bjarta tíma fyrir bæinn okkar og að við getum haldið áfram að vera stolt af því að vera það sem við erum og stöndum fyrir.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri

GAMLA MYNDIN

Myndin sem við sýndum í síðustu Króniku var tekin í Minjasafns-garðinum við Aðalstræti 58 og það vissi María Guðmundsdóttir hjá fjárreiðudeild Akureyrarbæjar. María giskaði einnig á að konan sem krýpur við beðið hafi heitið Kristjana Magnúsdóttir og er það rétt. María fær að launum tveggja daga kort í Hlíðarfjall þar sem er afbragðsskiðafæri um þessar mundir.



Að ofan er mynd af húsi sem enn stendur á Akureyri og spurt er: Við hvaða götu og hvert er götunúmerið? Að venju bjóðum við á þessum árstíma tveggja daga kort í Hlíðarfjall einum heppnum lesanda sem sendir okkur rétt svar á netfangið kronikan@akureyri.is.

JÓLAKVEÐJA

Þau HEIMUR og SÓL senda bestu jóla- og nýárskeiður til allra starfsmanna Akureyrarbæjar með von um gleði- og gæfuríkt nýtt ár. Og auðvitað mæta allir á ÁRSHÁTÍÐINA í byrjun nýja ársins þann 3. mars 2012!

STARFSMANNAKÖNNUN

Niðurstöður starfsmannakönnunar um heilsu, líðan og starfstengd viðhorf starfsfólks hjá Akureyrarbæ liggja nú fyrir. Könnunin var lögð fyrir starfsmenn Akureyrarbæjar í annað skiptið sl. vor en áður var könnunin lögð fyrir veturinn 2010. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir stjórnendum deilda og stofnana bæjarins á sérstökum fundi þann 7. desember síðastliðinn og stjórnendur hafa nú það verkefni að miðla niðurstöðunum áfram til starfsfólks síns.

Könnunin er liður í doktorsverkefni Hjördísar Sigursteinsdóttur í félagsfræði við Háskóla Íslands og verður hún framkvæmd alls þrisvar sinnum. Næst verður könnunin lögð fyrir haustið 2012.

Könnunin náði til allra starfsmanna Akureyrarbæjar í meira en 30% starfi og alls svöruðu 1054 starfsmenn könnuninni. Svarhlutfallið var gott eða 68% sem er betri svörun en í síðustu könnun en þá var svarhlutfallið 64%. Niðurstöðurnar gefa þar af leiðandi góða vísbendingu um hvernig starfsfólki bæjarins líður í starfi.

Nokkar niðurstöður:

- Nær 80% þeirra sem tóku þátt í könnuninni eru konur sem er lítið eitt hærra hlutfall en hlutfall kvenna meðal starfsmanna bæjarins í heild þannig að konur voru heldur duglegri að svara en karlar.
- Um 65% svarenda hafði starfað lengur en 5 ár hjá Akureyrarbæ þannig að óhætt er að segja að starfsmannavelta hjá bænum sé lítil sem bendir til að starfsfólk sé almennt ánæggt í starfi.
- 85,8% svarenda er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“.
- 70,9% svarenda er ánægður með stjórnun vinnustaðarins þ.e. segjast vera mjög oft eða alltaf ánægðir með stjórnunina.
- Starfsfólki sem farið hefur í formlegt starfsmannasamtal á undanförunum tveimur árum hefur fjölgað frá síðustu könnun. Nú segjast 70,7% hafa farið í slíkt samtal einu sinni eða oftar en í síðustu könnun voru þeir 65,7%.
- Mun fleiri starfsmenn nú hafa varið 20 klst. eða meira í sí- og endurmenntun á sl. tveimur árum, hlutfallið var 47,3% árið 2010 en er nú 53,3%.

Skýrslu með heildarniðurstöðum má finna á starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar www.akureyri.is/starfsmannahandbok. Starfsfólk er hvatt til að kynna sér niðurstöðurnar vel.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Aðalsteinn ásamt eiginkonu sinni Önnu Grétu Halldórsdóttur við skirn sonarsonarins Arnórs Elís.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, Steini í Höllinni, er fæddur í Bakkaseli í Öxnadal en þegar hann kom í heiminn var móðir hans stödd þar hjá foreldrum sínum sem þar ráku áningarstað fyrir ferðalanga. Aðalsteinn hefur allan sinn aldur búið á Akureyri og líkað það einstaklega vel. Hann hóf störf hjá Akureyrarbæ í september 1982 en þá var verið að ljúka byggingu Íþróttahallarinnar sem var opnuð formlega 5. desember sama ár. Aðalsteinn starfar enn sem forstöðumaður þar og er auk þess forstöðumaður Íþróttahússins við Síðuskóla. Einnig sá Aðalsteinn um margra ára skeið um Akureyrarvöll en gerir ekki lengur.

Í hverju er starfið fólgandi? Daglegum rekstri þessara mannvirkja og útleigu þeirra vegna hinna ýmsu viðburða. Auk íþróttæfinga og móta fara hér fram árshátíðir, ráðstefnur, sýningar, tónleikar o.fl.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Það er fjölbreytnin og að fá tækifæri til að kynna öllu því ágæta fólki sem heimsækir staðina. Þá er einkar ánægjulegt að taka á móti þeim fjölmörgu viðurkenningum frá leigutökum sem þakka fyrir góða þjónustu en það er þó nokkuð algengt. Til þess að það gerist þarf að hafa gott starfsfólk og það hef ég. **Fjölskylduhagir?** Ég er giftur Önnu Grétu og á þrjá syni, Sigurpál Árna, Geir Kristin, og Heiðar Þór. Á síðan rúmlega handboltalið af afastrákum.

Leyndir hæfileikar? Er frábær dansari. Þarna er konan mín ekki sam-mála.

Hallærislegasta atvik sem þú hefur upplifað? Þar er af nógu að taka. Til dæmis þegar við hjónin og synir okkar vorum að borða kvöldmat og ég ætlaði að draga fyrir eldhúsgluggann. Ég rak mig þá í tvo litla kaktusa sem stóðu í gluggakistunni. Í snarræði mínu náði ég að grípa þá báða en eftir á að hyggja var það ekkert sérstaklega gáfulegt – 241 nál í hvorri hendi! Þegar ég leit við voru allir nær dauða en lífi úr hlátri en sjálfur var ég ansi loðinn um lófana.

Uppáhaldsmatur? Humar og lambahryggur ala Garbó.

Finnst þér Innanbæjarkrónikan skemmtileg og fróðleg? Já, mér finnst hún afar skemmtileg og hnitmiðuð og heldur manni vel upplýst-um um það sem er að gerast innan bæjarkerfisins.